



ári erum við alveg sjálfráð um hvað við gerum og einnig hvaða efni við notum í BA-ritgerðina sem ég er einmitt að byrja að skrifa núna. Hún fjallar um íslenska þjóðtrú og þau áhrif sem hún hefur haft á þjóðfélagið og íslenska listamenn í gegnum tíðina. Mér finnst þetta viðfangs-efni spennandi. Það er merkilegt hversu ríkt þetta er í fólk en þann dag í dag, ég á t.d. ömmu sem trúir því staðfastlega að hún hafi leikið sér með huldufólki og álfum og séð alla dýrdina og svo er um fleiri. Verklega lokaverkefnið er um stereotýpur, mér finnst svo gaman að fylgjast með því hvernig þær eru notaðar í auglýsingum, settar upp sem kjarnafjölskyldan, mamman, pabbinn, litla stelpa og strákurinn.

Þessa hugmynd fer ég með inn í stúdíó, mála bakgrunninn og víða að mér alls konar dóti til að nota og set svo fólk inn í umgjörðina í ákveðnar stellingar, t.d. konan í eldhúsinu, feðgarnir í garðinum, o.s.frv. Húmorinn ræður ferðinni að mestu en þó er þetta líka ádeila á hvernig farið er með fjölskyldu-ímyndina í auglýsingageiranum. Ég ætla mér að vekja hlátur hjá fólk og einnig nokkra umhugsun ef ég get.

Hvað finnst þér þá um fjölskylduna í raunveruleikanum?

Þó svo að ég sé að gera grín að fjölskyldunni í augnablikinu, þá er ég sjálf ein af „visitölu-fjölskyldumanneskjunum“, ætla að finna mér mann og eiga börn, helst tvíbura. Þó held ég að fólk verði að gæta sín nokkuð á að rjúka ekki út í giftingar og barneignir eftir fyrsta samband, frekar að vanda sig dálítið því þetta er jú alvörumál. Þetta er ekki tíma-bært fyrir mig strax, ég á eftir að verða ráðsettar og þá fer maður að þreifa fyrir sér.

Hefur þú hugsað þér að einbeita þér að einhverju sérstöku í ljósmynduninni?

Ég hef gaman af tvenns konar ljósmyndun, það er bogmaðurinn í mér, að fást við eitthvað tvennt gjörólíkt í einu. Það er ný stefna í Bretlandi núna sem nefnist Photo Fiction, þ.e. að fara í stúdíó og búa til litlar sögur inn í eina ljósmynd, setja ýmsa hluti inn í hana og þá er hægt að lesa myndina eins og bíómynd. Þessi stefna heillar mig mikið. Svo finnst mér heimildarmyndir einnig skemmtilegar. Að taka fyrir ákveðið verkefni og fylgja því eftir með ljósmyndum og beinskeyttum texta.

Ég tók einmitt eitt þannig verkefni í vetur. Annars vegar fór ég inn í skóla sem notar músiktherapíu sem kennslutæki til að hjálpa vangefnu fólki að læra eitthvað. Ég tók myndir af viðbrögðum þess og bjó til bók með skýringartextum við myndirnar. Bókin er núna notuð af forstöðukonu skólans til að útskýra það sem þarna fer fram, það er nefnilega mjög er-

” Íslendingar eru dugnaðarfólk og mikill kraftur í þeim.

INGA LÍSA MIDDLETON

” **Kostir við starfið eru að maður fær tækifæri til að vinna með góðum mönnum og lærir margt.**

SIGURGEIR SIGMUNDSSON

fitt að útskýra þessa kennslutækni einvörðungu með orðum. Hins vegar er verkefni sem er ég enn að vinna, um börn í alþjóðlegu þorpi í Suður-Englandi. Góðgerðarsamtök safna fé fyrir börn frá fátækum þjóðum eins og Indlandi, Nepal, Tibet, Thailandi og Zambíu. Þau eru valin af nefnd í hverju landi um sig til að fara til Englands, þegar þau eru um átta ára gömul og fá þar breska menntun. Börnin búa þarna í húsum, tju til fimmtán saman, í umsjón húsmóður frá þeirra eigin landi, sem sér um að þau viðhaldi sínum siðum, tungumáli og matarvenjum. Seinna fara þau í framhaldsnám og taka háskólagráður í verkfræði, hjúkrun, landbúnaðarfræðum o.fl. og taka svo þessa menntun til síns heimalands og vinna við þetta þar. Við vorum valin nokkur úr skólanum til að fara þarna niður eftir, þjuggum í þorpinu í eina viku og tókum myndir af öllu sem fyrir augu bar. Þær fara síðan á farandsýningu um England til að safna frekara fé til þessa starfs.

Ég hef mikinn áhuga á að gera meira af heimildarverkefnum í framtíðinni og ferðast í þeim tilgangi til ólíkustu menningarsamfélaga.

Ég hóf nýlega samvinnu við þýska fréttakonu sem selur greinar í hina ýmsu fjölmiðla. Hún biður mig að fara á einhvern ákveðinn stað fyrir sig í Englandi og taka myndir, sem hún síðan notar við greinarnar. Þetta kemur sér vel fyrir mig og gefur mér líka kost á að ferðast um.

Nú lýkurðu BA-prófi í ljósmyndun næsta vor, hvað er framundan eftir það?

Lokaverkefnið okkar fara á heljarmikla útskriftarsýningu sem við skipuleggjum og setjum upp sjálf. Þar dæma prófóðmaramennir verkin og svo er sýningin opin almenningsi. Svo fer hún til London og til hennar verður boðið alls konar fólk sem mikil-

vægt telst í ljósmyndafaginu. Þetta er stórsýning og er einn af árlegum viðburðum í lista- og menningarlífi Lundúnaborgar.

Fólk fær oft mjög góð sambönd og jafnvel atvinnu út á þessar sýningar, þetta er eins konar markaður þar sem allt getur gerst og mjög mikilvægt tækifæri fyrir okkur. Nú, fyrst ég er byrjuð að læra ljósmyndun, þá er ég að hugsa um að taka masterinn líka. Það þýðir að ég get kennt þetta á háskólastigi og fæ um leið betri tíma til að læra meira og nánar um ljósmyndun, því hún er verulega flókin. Mér finnst hún miklu flóknara fyrirbæri en aðrar listir. Það almenna viðhorf að allt eigi að vera satt sem er fyrir framman myndavélina er nokkuð skrítið viðhorf en skemmtilegt að skoða það og prófa sig áfram og sjá hvaða möguleika það gefur manni. Ég hef áhuga á að taka mastersnámið í London ef ég fæ góða lokaekinn úr skólanum. Annars hefur mér gengið mjög vel í honum hingað til, var raunar dúx þessi tvö ár sem ég hef þegar lokið. Mig langar að kynna mér betur hvað er að gerast í ljósmyndun í Englandi áður en ég hugsa mér til hreyfings því það er býsna mikill uppgangur í henni um þessar mundir.

Hvað fæstu við fleira en námið?

Mér finnst gaman að fara í bíó og geri mikið af því. Hef gaman af öllum tegundum lista og sækji mikið af sýningum. Það er svo mikið að gerast í London að ég gæti eytt dögum og vikum í að þræða sýningarsalana. Leiklistin höfðar líka sterkt til mín, ég sé mikið af atvinnu- og áhugamannaleiklist sem fæst við framúrsmunni. Leiksýningarnar fara íðulega fram í dimmum kjöllum sem maður skrifur ofan og það er oft svo þröngt að þegar leikararnir hækka róminn að ráði þá fýkur maður afturábak. Tónleika stunda ég líka dálítið.

Ég fer mikið að heimsækja fólk sem ég kynntist í undirbúningsnáminu, víða um England. Þá fer ég á bílunum mínum, sem heitir því háseru-verðuga nafni Hallgerður langbrók, þetta er Viva sem er komin vel yfir fermingaráldurinn, grá og hálfstírd og ljót en dugir mér vel. Ég gat ekki sagt Vauxhall Viva almennilega og krakkarnir voru alltaf að gera grín að mér þess vegna, svo ég skrifaði hana nafni sem ekkert þeirra getur mögulega borið fram, nú hlæ ég hástöfum að þeim...

Faðir minn býr í London og ég skrepp stundum til hans um helgar og hitti fjölskylduna hans, þar á meðal litlu hálsystur mína, sem er sex ára og hálfkínversk og alveg merkilega skemmtileg. Það er gott að vita af þeim þarna, maður er þá ekki einn úti í hinum stóra heimi. Svo á ég yndislegan afa í Sheffield sem ég hef haldið ágætu sambandi við. Hann sendir mér alltaf tþupunda-

seðil við og við og er voða elskulegur lítill karl.

Það er mikil hreyfing á mér, alltaf eitthvað að ske. Ég get ekki verið á sama staðnum af lengi og er því alltaf á ferðinni. Samt er ég ekki rótlaus, verð alltaf að eiga heimili, mitt litla hreiður sem ég get farið í þegar mér hentar. Þar á ég mömmu sem hefur verið mín styrkasta stoð í gegnum tíðina og gefið mér trú á sjálfa mig. Það er svo gott að koma til Íslands inn á milli, er alltaf komin með fiðring ef það líða meira en sex-sjö mánuðir frá því ég kom síðast. Og ég eyði jóluunum hvergi annars staðar í víðri veröld en á Íslandi.

Nú er efnahagsástand í Bretlandi mikið til umræðu, veitir þú stjórnmálum eitthvað fyrir þér?

Ég veit ekki hvað segja skal um það, mér finnst pólitik hálf-hlægileg bara. Þessir menn ættu að vinna fyrir fólk, alþýðuna, en þeir eru bara að þessu vafstri fyrir sjálfa sig sýnist mér. Ég fylgist með pólitík en tek hana ekki yfirmáta alvarlega. Í mínum augum er hún eins og sirkus.

Hefur ástin haldið innreið sína í líf þitt?

Pass.

Hvernig hyggstu eyða sumrinu?

Ég fer út í september og þangað til ætla ég að vinna að ritgerðinni minni og sýna mig og sjá aðra. Reyna líka að ferðast aðeins um landið með myndavélina mína, fara þá upp á hálendið sérstaklega. Þetta er nú svona, myndavélin er alltaf límd við nefið á mér hvert sem ég fer á sjó eða landi.

Mig langar að taka það fram, að þó ég sé á öllu þessu flakki og tali mest um England, þá er það ekki vegna þess að mér líki ekki við Ísland. Ég er þvert á móti afskaplega stolt yfir því að vera Íslendingur og mun eflaust alltaf koma heim á endanum hvað sem öllum ferðalögum og flækingi líður. Heimurinn er svo svakalega stór, að manni finnst eitthvert öryggi í öllu hér, þar sem allt er svo lítið og þægilegt. Hér er fjölskyldan mín, ræturnar og hér hleð ég batterín fyrir spennuna sem ég sækji í úti.

Mér finnst alltaf jafn merkilegt hvað Ísland, þessi þínulitla eyja norður í Atlantshafi, hefur staðið sig vel. Flestir útlandingar halda að við séum mjög frumstæð en verða svo steinhissa þegar þeir komast að því hversu vel við fylgjumst með, berum mikla virðingu fyrir landinu okkar og hvað allt er hreint og fallett hérna. Við stöndum vel fyrir okkar miðað við að vera svona afskipt. Íslendingar eru dugnaðarfólk og mikill kraftur í því. Vinir mínir á Englandi eru að verða brjálaðir á mér því ég er full af þjóðernisreimþingi og segi þeim án þess að blika né blána að allt sé best á Íslandi.

SA

sunnan. Finnst þér mikill munur á andanum í borginni og sveitinni?

Ég kann betur við mig í sveitinni. Ég er uppalinn hér. Hér í sveitinni er maður sjálfstæður og frjál. Útaf fyrir sig og engum háður. Ég hef enn ekki ákveðið hvort ég bý hérna í framtíðinni. Maður sér til hvernig þróunin í landbúnaðinum verður. Það sem mér hefur fundist undarlegast þegar ég hef verið fyrir sunnan er viðhorf almennings til bænda og bústarfa. Almennigur virðist mótfallinn landbúnaði og ég man að einhvern tímann var talað um að mjólk væri óholl. En vonandi er þetta eitthvað að breytast.

Hvernig stytta menn sér stundir hér í sveitinni?

Það er nú misjafnt. Ég hlusta talsvert á tónlist af öllu tagi. Yfir sumartímann eru böll allt að því vikulega og fer ég stundum á þau. Maður fer oft í heimsóknir til vina og kunningja hér í sýslunni. Aðaláhugamál mín eru íþróttir og þá fótþolti og körfubolti og síðan bílar.

Heldurðu að þú farir einhvern tímann að búa sjálfur?

Það getur vel verið. Ég hef ekkert ákveðið ennþá með það. Ég neita því ekki að ég hef mikinn áhuga á því, sagði Halldór Jósafatsson að lokum.

AGB



Viðigerði

hitti ég tvo lögregluþjóna sem voru að koma úr tíu daga ferð um landið. Mér tókst að ná tali af öðrum lögregluþjóninum, Sigurðeiri Sigmundssyni, og ég byrjaði á því að spyrja hann hvaðan þeir væru að koma og hvenær mesta umferðin hefði verið.

Við erum að koma frá Norðurlandi en við lögðum af stað frá Reykjavík fyrir ellefu dögum. Þá byrjuðum við í Húnavatnssýslu og unnum þar í einn dag. Keyrðum því næst til Akureyrar og unnum á Norðurlandi í fimm daga. Þaðan fórum við austur á Egilsstaði og aðstoðuðum við afgreiðslu á Norðurlandi en það er alltaf á fimmtudög-

um sem við aðstoðum Útlendinga-estirlitið.

Á föstudaginn byrjaði svo verslunarmannahelgin en umferðin varð aldrei eins mikil og menn höfðu spáð. Það hafði verið spáð slæmu veðri á Austfjörðum en þar var blöskaparveður allan tímann. Lög-reglan og aðrir gæsluáðilar voru með mikinn viðbúnað. Á Atlavíkurbátstöðinni var fremur dauft, almenn ölvun inná svæðinu en fólk virtist ekki skemmta sér mikið.

Hvert lá svo leiðin?

Við fórum á sunnudeginum til Akureyrar og fylgdum umferðinni eftir. Aðfaranótt þriðjudags höldum við svo suður. Þetta verður óvenjulangur túr en það er náttúrulega útaf verslunarmannahelginni.

Kanntu vel við starfið?

Helstu ókostir eru þeir að það er aldrei helgarfrí. Fyrir fjölskyldumenn eru þetta langar útiverur.

Kostir við starfið eru að maður fær tækifæri til að vinna með góðum mönnum og lærir margt. Sérstaklega á löngum túrum útaf land eins og þessum um helgina. Það er líka gaman að kynnast landinu. Margir falletgir staðir og maður er í sambandi við fólk af öllum stærðum og gerðum í þessu starfi. Ég



hef trú á því að þetta sé gagnlegt og fyrirbyggjandi starf.

Hvað gerirðu í frístundum?

Nú, maður þarf að sinna kunninginum og ég er að læra að fljúga og tek eins marga flugtíma og ég get. Ég vinn líka í frítíma mínum á Hótel Sögu sem dyravörður.

Nú var Sigurður farinn að ókyrrast því hann þurfti að halda ferðinni áfram. Eg tafði því ekki þennan unga athafnamann lengur og óskaði honum góðrar ferðar.

AGB

” **Að meðaltali fer einn bær í eyði á ári hér í hreppnum. Þetta er mjög slæm þróun.**

HALLDÓR JÓSAFATSSON

” **Það er nú stundum gantast með það að það þurfi að fara að auglýsa eftir þingmönnum sem kosnir voru síðast.**

JÚLÍUS GUBNÍ ANTONSSON